

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Fljótsholt, lnr. 167089, Reykholti.

Í breytingunni felst að lóðamörk færast til og lóðir innan svæðisins svo og byggingarreitir á lóðum stækka. Einnig breiðkar gatan um 1 m, úr 5 m í 6 m.

Samþykkt í sveitarstjórn 27. júlí 2016.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 31. ágúst 2016.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 15. september 2016